

## Landssamtök landeigenda á Íslandi

### Umsögn um mál 657, stjórn fiskveiða á þingskjali 1052.

Stjórn Landssamtaka landeigenda á Íslandi vill koma á framfæri athugasemdum um eignarréttindi landeigenda í netlögnum.

Að mati landssamtakanna er nauðsynlegt að setja skýr og afdráttarlaus ákvæði um réttindi landeigenda innan netlagna og að kveða á um að þeim *einum* séu þar heimilar veiðar án sérstaks leyfis.

Í 2. gr laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða segir að til fiskveiðilandhelgi Íslands teljist hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Samkvæmt þessu eru netlagnir sem eru undirorpnar eignarrétti landeigenda innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um það hefur verið deilt hvort landeigandi eigi beinan eignarrétt netlagna í sjó eða hvort eignarrétturinn takmarkist við nýtingarrétt þ.e. veiðirétt. Landssamtök landeigenda telja það hafið yfir allan vafa að eignarréttur landeigenda nái til þess að stunda fiskveiðar í netlögnum með svipuðum hætti og beitarréttur í þjóðlendu. Það skiptir auðvitað máli hvort eignarrétturinn er beinn eða óbeinn, en að því er veiðiréttinn einan varðar þá er hann fyrir hendi hvort sem er.

Um réttindi landeigenda í netlögum er fjallað í rekabálki Jónsbókar þar sem segir í 2. Kap; að allir menn eigu að veiða fyrir utan netlög að ósekju og að landeigandi eigi veiðar allar í netlögum og fjörunni. Er þar miðað við ákveðna dýpt þ.e. 20 möskva djúpt selnet. Í greinargerð nefndar sem samdi frumvarp til veiðilaga á Íslandi sem síðar varð að veiðitilskipuninni 1849 segir: „Hér er tekin upp grundvallarregla sú sem verið hefur í gildi á Íslandi eftir Jónsbókar Ll.b.7. og 57 kap., að veiðiréttur fylgi jörðinni“ Nefndin taldi rétt að vernda veiðirétt jarðarabúanda með þeim hætti að banna öðrum veiði á þeim hluta hafs sem lá næst landi. Þó hélt nefndin að takmarka bæri veiðirétt jarðareiganda þannig að hann einungis ætti að ná 60 faðma á haf út. Það var því fyrst með veiðitilskipuninni 1849 að sett var reglan um að netlög næði 115 metra( 60 faðma) frá stórstraumsfjöruborði. Ákvæði II kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga, sem miðist við sjávardýpi, hafa ekki verið felld úr gildi með ákvörðun löggjafans ( Sjá Þorgeir Örlygsson hver á kvótann TRL 1 h 1998)

Í eignarrétti Gauks Jörundssonar ( Eignarréttur I 1982-1983 bls 37) telur hann að í lögum sé mælt fyrir um víðtækar einkaheimildir landeigenda til nytja af þessum svæðum sjávar og að litið hafi verið svo á að netlög falli undir eignarrétt landeigenda. Vísar Gaukur þar til Ólafs Lárussonar.

Minnt er á álit Mannréttindadómstóls Evrópu 2. desember 2008 en þar segir orðrétt: „Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.

Í greinargerð með frumvarpi að nýjum lögum um stjórn fiskveiða sem nú er til meðferðar á Alþingi er sagt að elstu íslensk lög hafi að geyma ákvæði um frelsi manna til að nýta hafið.

Vísað er til þess að í Jónsbók segi; að allir menn eigi at veiða fyrir utan netlög að ósekju. Þannig hefur réttur til að nýta fiskistofnana við Ísland frá fornu fari verið almennur.

Að mati Landssamtaka landeigenda er í gildandi lögum um stjórn fiskveiða ekki hróflað við einkarétti landeigenda til veiði í netlögum nema að því leyti að í 4. gr er landeiganda eins og öðrum, gert að sækja um veiðileyfi. Ekki er vitað hvort einhver landeigandi hefur sótt um sérstakt veiðileyfi til að stunda veiðar í atvinnuskyni innan netlaga. Það er afar óeðlilegt að landeigandi sem á svo afdráttarlausan veiðirétt í netlögum sé settur undir sama hatt og þeir sem veiðar stunda í almenningi og þurfi nú að sækja um sérstakt leyfi til þess að stunda þar veiðar.

Í ofangreindu frumvarpi er heldur ekki gert ráð fyrir eða minnst einu orði á eignarrétt sjávarjarða í sjávarauðlindinni né heldur þeim verðmætum sem fólgin eru í uppeldisstöðvum ýmissa nytjastofna á grunnsævi innan netlaga.

Stjórn Landssamtaka landeigenda gerir þá kröfu, að við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða verði kveðið afdráttarlaust á um rétt landeigenda og að það verði skýrt kveðið á um að þau veiðileyfi sem gefin verða út til almennings veiti hlutaðeigandi ekki rétt til veiða í netlögum sem háðar eru einkaeignarrétti.

Því eru lagðar til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Til viðbótar á lokamálsgrein 3. gr. um gildissvið laganna komi „*innlendri löggjöf*“

*Greinin verði þá svohljóðandi:*

Lög þessi gilda með þeim takmörkunum sem leiðir af innlendri löggjöf, samningum við erlend ríki og reglum þjóðaréttar.

2. Til viðbótar 6. gr. um veiðar að ósekju komi „*utan netlaga*“

*Greinin verði þá svohljóðandi:*

Veiðar á þeim nytjastofnum sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla eru frjálsar, utan netlaga, öllum þeim skipum sem fá almennt veiðileyfi skv. 5. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af þessum lögum og öðrum lögum á sviði fiskveiðistjórnar.

Hofi, 19. apríl, 2012

f.h. stjórnar Landssamtaka Landeigenda á Íslandi

Örn Bergsson formaður